

Skógarvörðurinn á Norðurlandi

Starfsskýrsla fyrir árið 1999

Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar var suðaustan átt algengust, þó var nokkuð um norðlægar áttir. Hámarkshiti mældist 9.4 stig 31. janúar. Lágmarkshiti var -16.7 stig 23. janúar. Meðalhiti í janúar var -3.38 stig. Meðalsnjódýpt var 96 cm., mest 143 cm. 21. janúar. Úrkoma í janúar var 139.1 mm. mest 35.2 mm 17. janúar. Meðalvindhraði í janúar var 6.5 hnútar. Snjóflóð féllu víða í Fnjóskadal 17. og 18. janúar.

Í febrúar voru suðvestlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 8.7 stig 1. febrúar. Lágmarkshiti var -18.5 stig 17. febrúar. Meðalhiti í febrúar var -3.71 stig. Meðalsnjódýpt var 93 cm., mest 132 cm. 22. febrúar. Úrkoma í febrúar var 88.0 mm, mest 26.4 mm 21. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar var 7.3 hnútar. Mikið rok var aðfaranótt 1. febrúar.

Í mars voru suðlægar og norðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 2.9 stig 11. mars. Lágmarkshiti var -18.1 stig 20. mars, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í mars var -5.45 stig. Meðalsnjódýpt í mars var 123 cm. mest 140 cm. 19. mars. Úrkoma í mars var 86.4 mm, mest 17.7 mm 19. mars. Meðalvindhraði var 3.8 hnútar.

Í apríl skiptust á suðaustlægar og norðvestlægar áttir. Hámarkshiti var 10.6 stig 25. apríl. Lágmarkshiti var -13.1 stig 18. apríl. Meðalhiti var -1.08 stig í apríl. Meðalsnjódýpt var 127 cm, mest 146 cm. 17. apríl. Stórhrið var 15.-16. apríl. Úrkoma í apríl var 59.4 mm, mest 14 mm 17. apríl. Meðalvindhraði í apríl voru 3.8 hnútar. Svanir sáu á Fnjóská 3. apríl. Gæsir komnar 7. apríl. Skógarprestir komu 8. apríl, hrossagaukur og lóa 25. apríl, stelkur 27. og mánierla 28. apríl.

Í maí voru breytilegar áttir, þó bar mest á suðlægum áttum. Hámarkshiti var 13.9 stig 16. maí. Lágmarkshiti var 2.6 stig 14. maí. Meðalhiti í maí var 4.91 stig. Meðalsnjódýpt í maí var 47 cm., mest 105 cm. 1. og 2. maí. Úrkoma í maí var 49.9 mm, mest 25.2 mm 25. maí. Meðalvindhraði í maí var 5.8 hnútar. Spóinn kom 8. maí og krían þann 11. Brum á birki farið að þrútna 20. maí. Tún farin að grænka 29. maí. Gránaði í fjöll 22. maí.

Í júní voru suðlægar og vestlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 23.6 stig 11. júní. Lágmarkshiti var 0.3 stig 20. júní. Meðalhiti í júní var 9.69 stig. Úrkoma í júní var 37.5 mm, mest 14.3 mm 15. júní. Meðalvindhraði var 6.6 hnútar í júní. Tún orðin algræn 10. júní. Lerki hálfútsprungið 4. júní og algrænt 6. júní. Birki komið með græna slikju 6. júní og allaufgað 9. júní. Gránaði í fjöll 16. júní. Úthagi allgrænn 22. júní.

Í júlí voru breytilegar áttir, þó var nokkuð um norðlægar áttir. Hámarkshiti var 23.3 stig 29. júlí. Lágmarkshiti var 1.4 stig 5. júlí. Meðalhiti í júlí var 10.95 stig. Úrkoma í júlí var 37.1 mm, mest 14.1 mm 14. júlí. Meðalvindhraði í júlí var 6.3 hnútar. Sláttur hafinn hjá bændum í Fnjóskadal 8. júlí.

Í ágúst voru breytilegar áttir. Hámarkshiti var 23.7 stig 4. ágúst, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti var 0.2 stig 18. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 10.17 stig. Úrkoma í ágúst var 32.8 mm, mest 13.9 mm 15. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst var 5.2 hnútar. Sölnun á stöku greinum á birki 9. ágúst og gulfun á birki að verða áberandi 24. ágúst.

Í september bar mest á logni og norðaustlægum áttum. Hámarkshiti var 17.5 stig 20. september. Lágmarkshiti var -6.1 stig 28. september. Meðalhiti í sept. var 5.6 stig. Úrkoma í sept. var 95.5 mm, mest 22.7 mm 9. september. Meðalvindhraði í sept. voru 3.6 hnútar. Gránaði í fjöll 2. september. Bændur búnir með heyskap að mestu 4. september. Úthagi farinn að sölna 5. september. Lauffall á birki byrjað 17. sept. og orðið að mestu lauflost 29. september. Slydda og grátt í fjöll 26. sept. Hámarksmaelir brotinn frá 11. sept. til 17. sept. Mikið mistur (mengun) 21. september.

Í október bar mest á norðan og norðlægum áttum. Hámarkshiti var 16.2 stig 15. október. Lágmarkshiti var -8.6 stig 9. október. Meðalhiti í okt. var 2.36 stig. Úrkoma í okt var 93.1 mm, mest 28.6 mm 1. október. Meðalvindhraði í okt. var 4.6 hnútar. Snjór mældist á jörðu í 7 daga, mest 16 cm. 31. október. Tún farin að sölna í Fnjóskadal. Birki orðið lauflost 5. okt., lerki töluvert farið að gulna 5. okt. og orðið að mestu barrlost 16. október.

Í nóvember voru suðaustlægar og suðvestlægar áttir áberandi auk norðanáttar. Hámarkshiti var 15.4 stig 19. nóvember. Lágmarkshiti var -10.9 stig 17. nóvember. Meðalhiti í nóv. var 0.15 stig. Úrkoma í nóv var 84.1 mm, mest 14.9 mm 1. nóvember. Meðalvindhraði í nóv. voru 5.3 hnútar. Snjór mældist á jörðu í 21 dag, mest 35 cm. 4. og 5. nóvember.

Í desember voru hægviðri og suðlægur áttir tíðastar. Hámarkshiti var 6.5 stig 20. desember. Lágmarkshiti var -16.7 stig 5. desember. Meðalhiti í des. var -3.58 stig. Meðalsnjódýpt í des. var 35 cm, mest 43 cm. 18. desember. Úrkoma í des var 74.3 mm, mest 15.5 mm 12. desember.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1999

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-3,38	(-2,28)	139,1	(115,2)
Febrúar	-3,71	(-4,94)	88,0	(102,4)
Mars	-5,45	(-3,95)	86,4	(73,1)
Apríl	-1,08	(-0,13)	59,4	(28,2)
Maí	4,91	(6,31)	49,9	(21,9)
Júní	9,69	(7,25)	37,5	(13,0)
Júlí	10,95	(8,36)	37,1	(47,7)
Ágúst	10,17	(9,86)	32,8	(40,7)
Sept.	5,60	(4,94)	95,5	(82,5)
Okt.	2,36	(-0,19)	93,1	(171,8)
Nóv.	-0,15	(-2,52)	84,1	(107,5)
Des.	-3,58	(-1,88)	74,3	(121,7)
	2,19	(1,74)	877,2	(925,7)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1998

1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní - sept. var 9.10 stig, en var 7.60 stig sömu mánuði 1998.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

10/5	-1,7	28/5	-3,3	5/7	-0,3
11/5	-4,7	5/6	-1,6	18/8	-1,3
14/5	-2,9	17/6	-0,1	4/9	-0,6
20/5	-3,0	20/6	-1,2	14/9	-2,8
28/5	-3,3	21/6	-1,2	15/9	-1,9

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig.

11/6	23,6	27/7	21,1
29/6	23,4	28/7	20,7
30/6	20,1	29/7	23,3
7/7	20,0	30/7	22,1
8/7	22,3	31/7	20,2
26/7	20,5		

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Brum á birki farið að þrútna 20. maí, komið með græna sliktu 6. júní og allaufgað 9. júní. Lerki farið að grænka 17. maí, hálfútsprungið 4. júní og algrænt 6. júní. Stöku greinar á birki farnar að sölna 9. ágúst, gulnun orðin áberandi 24. ágúst. Lauffall byrjað 17. sept. og orðið lauflaust 5. október. Lerki töluvert farið að gulna 5. okt. og orðið að mestu barrlaust 16. október.

2.2. Vöxtur

Vöxtur var í góðu meðallagi á flestum trjátegundum nema stafafuru.

2.3. Fræfall

Fræfall var lítið sem ekkert á birki þetta ár og var því engu safnað af birkifræi. Eitthvað var af könglum á barrtrjám en engu var safnað.

2.4. Skaðar

Engir sérstakir skaðar voru á trjágróðri á Norðurlandi þetta ár. Eins og síðustu ár bar nokkuð á sitkalús og köngulingur var með mesta móti í Vaglaskógi. Skemmdir á trjágróðri vegna snjóflóða voru nokkrar í Fnjóskadal.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var svipað og síðasta ár, þó heldur færri. Ráðskona var Fríða Arnþórsdóttir frá Mörk. Verkstjórar voru þeir sömu og síðustu ár, Guðni Þ. Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku, þó ekki allt árið. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf, auk vinnu í gróðrarstöð sumarmánuðina. Guðrún Jónsdóttir starfaði í gróðrarstöð og frærækt auk veðurtöku sem fyrr. Aðrir fastir starfsmenn voru Benedikt Karlsson, Sigurpáll Jónsson, Kristján Jónsson, Ingimundur Gunnarsson og Jóhannes Gíslason. Starfsmenn á launaskrá voru 17 þegar flestir voru á árinu. Verktakar voru við gróðursetningu á Gilá og við byggingu fræhúss.

Laun og launatengd gjöld voru alls 19,716,528, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 5,162,857, dagpeningar kr. 347,627, akstur kr. 514,740, ASÍ laun kr. 13,691,304.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var mjög mikið þetta ár. Skemmdir voru miklar eftir snjóflóð á girðingu á Þórðarstöðum, Vöglum og Gilá í Vatnsdal og eftir snjóþyngsli í öðrum löndum. Kostnaður var mjög mikill bæði við vinnu og efniskaup. Smölun heimalanda Vagla og Þórðarstaða var með sama hætti og síðustu ár þ.e.a.s. verksamningur við Hermann Herbertsson á Sigríðarstöðum.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 1,008,074, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 878,075 alls 1311 vinnustundir og annar kostnaður kr. 129,999. Kostnaður við smölun var kr. 68,824.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á þessu ári, en í viðhaldi þurfti að girða upp nýja kafla í gömlum girðingum.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Skógarhögg var heldur minna en síðustu ár. Það fór fram í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi og lítulsháttar í Ásbyrgi og Vöglum á Þelamörk. Í Vaglaskógi var hreinsað til eftir snjóflóð í reit nr. 154 sunnan við Vagli og fellt birki úr grenistykkjum í reitum nr. 236, 293 og 296. Ennfremur var tekið efni í platta úr lerkistykkjum. Í Þórðarstaðaskógi var hreinsað upp birki úr snjóflóðum við Búðargil og fellt birki úr grenistykkjum. Felld voru nokkur lerkitré úr lerkistykki í Ásbyrgi til að saga í platta. Á Vöglum á Þelamörk var lítulsháttað grisjað syðst í gamla reit, reit nr. 69.

Felldur viður:

Birki	ca.	90 tonn
Lerki	“	3 “
Annað	“	1 “

5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingarstaurar voru seldir á árinu

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir	2,640 pk
Arinviður litlir	110 pk
Smíðaviður	178 m
Reykingarviður	990 kg
Birkikurl/flís	4,675 kg
Plattar	8,703 stk
Beðkurl (pokar)	33 pk
Rætur	21 stk
Viðarkol	251 kg

5.1.3. Birgðir í árslok

Arinviður stórir		590 pk
Arinviður litlir		147 pk
Smíðaviður birki		460 m
Birkikurl/flís	ca.	2,050 kg
Reykingarviður	ca.	500 kg
Plattar		5,436 stk
Staurar 5 fet		325 stk
Staurar 6 fet		330 stk
Beðkurl		5 pk
Rætur		20 stk

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 2,675 og laun og launatengd gjöld kr. 1,886,610.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 8. nóvember. Veðurfar var gott og gekk því taka jólatrjáa nokkuð vel. Mikil leit er orðin að jólatrjám, því þau eru tekin á mörgum stöðum og á

stóru svæði. Á Skuggabjörgum voru tekin jólatré í fyrsta sinn þetta ár. Felld voru 487 tré á eftirtöldum stöðum.

	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
Ásbyrgi	19			9	28
Fellsskógur	175		7	26	208
Kristnes			2		2
Reykjarhóll	5	13	10		28
Sigríðarstaðask.	6	7	1		14
Skuggabjörg	10	62			72
Vaglaskógur	5		28		33
Vaglir Þelamörk	1	35	1		37
Þórðarstaðaskógur	37		28		65
Alls	258	117	77	35	487

Flutt voru jólatré frá Hallormsstað og Selfossi og send voru tré úr Skorradal til sölu á Akureyri, en sú sala fór fram beint frá fyrrnefndum stöðum. Sala á íslenskum jólatrjám tel ég hafa verið mjög svipaða og síðustu ár. Nokkuð var selt af trjám til skreytinga, sem ekki voru fyrsta flokks.

Seld tré

Stærð	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
Tilboðstré	37				37
070-100	3	6	7	1	17
101-125	22	26	39	4	91
126-150	32	47	38	2	119
151-175	61	18	22	4	105
176-200	17	4	10	3	34
201-250	11	2	4	1	18
251-300	5		1	3	9
301-400	3			1	4
401-500	1				1
501-600					
Alls	192	103	121	19	435

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 469,186 alls 539 vinnustundir, annar kostnaður kr. 3,611 alls kr. 472,797.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	682,579		682,579
Greinar	36,402		36,402
Alls	718,981		718,981

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Sáð var þann 15. maí í hús nr. 2, blágreini, hvítgreini, rauðgreini, stafafuru og 2 kvæmum af rússalerki. Fjallapin var dreifsáð í bakka 26. maí og var honum síðan priklað í FP bakka. Birki og mýrarlerki var sáð í hús 2 þann 15. júní. 5.-6. júní var sáð birki af ýmsum kvæmum í dúkhús. Töluverð vinna var við prikklun og grisjun bakkaplantna. Sáningar sjást nánar í talningarlista 1999.

6.2. Dreifsetning

Stungið var 50,356 græðlingum í FP35 bakka

6.3. Garðplöntur

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 2,518,019 og afhentir styrkir fyrir kr. 350,457. Stungið var 4,332 sumargræðlingum og pottaðar voru 6,159 plöntur. Seldar og afhentar voru 39,133 plöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 65,722 plöntur árið 2000.

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 152,961 skógarplöntur úr gróðrarstöðvunum.

	Seldar skógarplöntur	2,075,637
	Millifærslur og styrkir	
1,242,464		
	Nytjaskógar	387,146
	Alls kr.	3,705,247

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár, aðeins í lágmarki.

6.6. Nýframkvæmdir

Engar sérstakar nýframkvæmdir voru í gróðrarstöð þetta ár, nema bygging fræhúss, sem getið er um á öðrum stað í ársskýrslunni.

6.8. Kostnaður

Laugabrekka

Kr.

Vinnust.

Plöntuuppeldi almennt	170.647	219
Skógarplöntur	62.288	92
Fjölpottaplöntur	484.183	684
Garðplöntur	497.738	650
Alls	1.214.856	1.645
Vaglir		
Plöntuuppeldi almennt **	343.969	195
Verkstjórn	552.973	682
Frídagavaktir	103.356	71
Sala viðargræðlinga	19.692	23
Fjölpottar alm.	82.336	111
Hreinsun bakka	61.358	87
Moldarfylling	174.820	266
Sáning fjölp.	88.526	64
Grisjun fjölp.	367.356	534
Umhirða fjölp.	452.552	611
Afhending fjölp.	131.164	168
Vetrarum. fjölp.	89.886	134
Viðargræðlingar	220.295	296
Garðpl. alm.	3.504	6
Stiklingar inniræktun	84.178	106
Garðpl. beðpl.	35.070	56
Garðpl. pottapl.	724.479	953
Sala garðpl.	151.551	165
Vetrarumb. garðpl.	66.197	97
Alls	3.753.262	4.625
Samtals Laugabrekka og Vaglir	4.968.118	6.270

** Innifalið sérst. frídagar - veikindi - orlof og des.uppbót.

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Fjöldi	Reitur
Gilá	Rússalerki	1/0	Kostroma	980028	10.050	23-25
	Rússalerki	1/0	Lýsishóll	950070	2.400	23
	Rússalerki	1/0	Framhólar	950050	1.360	23
	Rússalerki	1/0	Guðrúnarl.	950080	640	23
	Rússalerki	1/0	Vaglahús	970021	3.200	23
	Síberíulerki	1/0	Altai	870018	18.492	19/25/30/32/ 33
	Hengibjörk	1/0	Törmánki	960002	30.000	19/21/22/28/ 30/33/36
					66.142	
Hálsmelar	Síberíulerki	1/0	Ostskoe	930001	10.050	NVkanti ofan ípr.vallar
			Alls		76.192	

Gróðursett var á Gilá í Vatnsdal og á Hálsmelum í Fnjóskadal. Á Gilá sá Lúther Olgeirsson og fjölskylda í Forsæludal um gróðursetningu og á Hálsmelum gróðursettu nemendur og starfsfólk Stórutjarnarskóla. Plöntur komu frá Hallormsstað. Gilá laun og launat. gjöld kr. 44,050, vinnustundir alls 56, verktakar kr. 569,250 og annar kostnaður kr. 5,548. Hálsmelar verktakar kr. 75,375

8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Grundarreitur	54 tímar	kr. 34,717
Reykjarhóll	53 “	“ 35,269
Vaglaskógur	13 “	“ 7,679
Vaglin Þelamörk	476 “	“ 417,630

Á Vöglum á Þelamörk var aðallega unnið við að klippa tvítoppa á lerki í reitum norðan gamla reitsins og neðan neðsta vegar, auk þess að saga tvístofna, í reit 92 og grisjað birki og broddgreni í reit 69 (gamla reit).

9. BYGGINGAR

Mest bar á byggingu fræhúss, sem hófst í júní, en framkvæmdum hafði verið frestað haustið 1998 vegna snjóa. Byrjað var á að ljúka við jarðvinnu, steypa sökkla og reisa burðarvirki og í framhaldi af því var húsið klætt með 10mm. plasti og var húsið fohelt 19. október. Eftir er að smíða hurðir og setja opnunarbúnað á glugga og setja miðstöð í húsið, en það verður látið bíða til næsta árs. Verktakar við húsið voru Jarðverk við jarðvinnu og fyllingu, Jón Ásberg Salomonsson við uppsteypu á sökklum og var hann jafnframt byggingarstjóri hússins, rafvirkjameistari við framkvæmdina er Tómas Sæmundsson, vélaverkstæðið Grímur á Húsavík sá um burðarvirki og uppsetningu þess. Klæðning kom frá Akron hf. í Reykjavík og sá Jón Ásberg um klæðningu hússins ásamt starfsmönnum SR á Vöglum og smiðum úr sveitinni. Aðrar framkvæmdir við húseignir voru í lágmarki. Í skemmu á Vöglum var innréttað þurrkherbergi fyrir vinnufatnað starfsmanna. Á Furuvöllum var málað og dúklagt eitt herbergi auk þess sem borin var fúavörn á húsið að utan. Á Vöglum II voru settar gólflísar á forstofu og gestasalerni, og einnig var lagt plastparket á stærra herbergi í kjallara. Á Vöglum I var lagt plastparket á stofur og forstofugang og stofurnar málaðar.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla og verkfæra var í algjöru lágmarki þetta ár, aðeins gert við það sem ekki var hægt að fresta. Keyptir voru 2 gasvatnshitara og hylki til viðbótar og þeir settir í síðustu tvær snyrtingarnar, sem ekki voru komnir hitara í, á tjaldsvæðunum í Vaglakógi. Mjög brýnt er að endurnýja bifreiðar og dráttarvélar ásamt útdrattarspili, kurlara, fá færiband við viðarsög og tvívirk ámoksturstæki á dráttarvél. Vélar og tæki eru öll orðin mjög gömul og er brýnt að endurnýja þau.

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM

Þetta ár hefur verið unnið að undirbúningi að stofnun Norðurlandsskóga og hyllir undir að það verkefni komist af stað á næsta ári.

Sjá skýrslu Sigrúnar Sigrúnardóttur, skógræktarráðunauts.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

Fundir og ferðalög skógarvarðar á árinu voru þessi helst á árinu. Fór á Akureyri í viðtal hjá Halldóri Blöndal 15. jan. Fór á stjórnarfund hjá Ræktunarfélagi Kinnarfells á Ystafelli 23. jan. Fór á fyrirlestur Þrastar Eysteinsonar, sem sýndur var í fjarkennslubúnaði Háskólans á Akureyri 8. febr. Fundur á Akureyri með Guðmundi Bjarnasyni, landbúnaðarráðherra, skógræktarstjóra og fleirum, þar sem skrifað var undir samning við Grím hf. á Húsavík, vegna burðarvirkis fræhúss 11. febr. Starfsmannafundur SR í Reykjavík 17. - 18. mars. Fór á fund á Akureyri með Jóhannesi Geir, stjórnarformanni Landsvirkjunar 25. mars. Fór á námskeið í Reykjavík í ljósmyndun 29. mars. Fór á fund með fulltrúum sveitarstjórnar í Eyjafjarðarsveit ásamt Ólafi Oddsyni, Sigrúnu Sigurjónsdóttur og Valgerði Jónsdóttur vegna undirbúnings handverkssýningar á Hrafnagili, sem vera á í ágúst 19. apríl. Fór á fund félags skógarbænda á Norðurlandi í Ljósveitningabúð 20. apríl. Fór á ráðstefnu um landgræðslu og skógrækt í Reykjavík 4. maí. Fór á fund með Valgerði Sverrisdóttur á Akureyri 6. maí. Aðalfundur Skf. S-Þing. á Húsavík 9. maí. Fór vestur í Vatnsdal til að hafa tal af fólki vegna fyrirhugaðrar gróðursetningar á Gilá 18. maí. Fór austur í Egilsstaði til að athuga með áætlun fyrir fræhús 20. maí. Fór í Mývatnssveit til undirritunar samnings vegna smíði sökkla á fræhúsi 31. maí. Fór vestur í Gilá með plöntur og til eftirlits 8. júní. Fór í Halldórsstaði í Kinn til ráðgjafar 2. júlí. Fór með Guðjóni Magnússyni hjá Landgræðslu ríkisins í Lundsskóg, Vaglaskóg, Hálsmela og Mela- og Skuggabjargarskóg 7. júlí. Fór í Gilá með plöntur og til eftirlits 15. júlí. Fór á aðalfund Skf. Íslands á Laugarvatni 5. - 8. ágúst. Fór á hátíðarfund á Þingvöllum vegna 90 ára afmælis skógræktar 8. ágúst. Fór vestur í Skagafjörð og Gilá með plöntur og til eftirlits 10. ágúst. Fór í Grundarreit í Eyjafirði vegna skógargöngu í sambandi við handverkssýningu á Hrafnagili 13. ágúst. Fór á aðalfund skógareigenda á Hrafnagili 28. ágúst. Fór austur í Hallormsstað til að sækja plöntur vegna gróðursetningar á Gilá 31. ágúst. Fór vestur í Gilá með plöntur og til eftirlits 1. sept. Fór austur í Hallormsstað og sótti plöntur sem gróðursetja á í Hálsmela 24. sept. Fór suður til Reykjavíkur vegna markaðsmála 4. okt. Fundur í Reykjavík í markaðsráði 27. okt. Fór í Aðaldal, Fellsskóg og Fossselsskóg með Sigrúnu skógræktarráðunaut 9. nóv. Fór austur í Ásbyrgi og Skúlagarð á fund um Ásbyrgi, með hreppsnefnd og Náttúruvernd ríkisins 22. nóv. Fór á starfsmannafund í Borgartúni 6, Reykjavík 2. - 3. des. Ráðstefna um útgáfu skógræktarbókar, í Borgartúni 6, 3. des. Fór á samráðshópsfund á Egilsstöðum 15. des. Auk þess fór ég ýmsar ferðir til Akureyrar vegna útréttinga og annarra mála.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í góðu meðallagi þetta ár og veðráttu nokkuð góð. Tjaldsvæðið var leigt út sömu aðilum og síðasta ár. Umgengni var góð og komið hefur í ljós að aukin gæsla og aðhald um helgar hefur bætt umgengni og hegðun í skóginum. Lokið var við að setja gasvatnshitara á öll svæði í skóginum og eykur það ánægju tjaldgеста.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 12,235, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1,836, í júlí 7,698 og í ágúst 2,701.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 600,000. Laun og launatengd gjöld (des.uppbót innifalin) kr. 75,722, alls 118 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 300,450.

12.4. Annað

Fræræktarverkefnið var í góðum höndum Þræstar þetta ár með aðstoð okkar fólks, aðallega Guðna Þorsteins og Guðrúnar. Töluvert kom af lerkifræi og lítilsháttar af birki, nánari upplýsingar um verkefnið eru hjá Presti Eysteinsyni. Margrét Guðmundsdóttir fór í nokkrar ferðir og vann talsvert við nýtt bókhaldskerfi, Agresso. Sýning var á Hrafnagili 12. - 15. ágúst og voru starfsmenn SR Vöglum við leiðbeiningar þar. Sigurður Blöndal fyrrverandi skógræktarstjóri kom í heimsókn 28. - 30. apríl. Þorsteinn Jónsson kvikmyndatökumaður kom í heimsókn 14. maí til að taka myndir af starfsseminni á Norðurlandi. Norrænt fræ og plönturáð kom í heimsókn 1. okt. og skoðuðu þau gróðrarstöðina og nánasta umhverfi hennar. Afmælishátíð var haldin á Vöglum 22. okt. vegna 90 ára afmælis starfsseminnar á Vöglum og að lokið var við byggingu fræhúss. Margir góðir gestir komu við þetta tækifæri. Nefnd um fjárhagsvanda SR, fulltrúar landbúnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis og fjármálastjóri SR, kom í heimsókn í Vagli í júní, skoðuðu þeir starfssemina og kynntu sér hana. Mönnum fannst að tæki og áhöld væru orðin úrelt og dráttarvélar mjög gamlar. Eftir heimsókn þessara manna og orð þeirra á vettvangi, vöknudu vonir um að bætt yrði úr brýnni endurnýjun á tækjum, en við framlagningu fjárlaga árið 2000 hafði ekkert tillit verið tekið til þessa. Ég vil svo að lokum þakka fyrir gott samstarf við yfirmenn og starfsfólk á liðnu ári.

15. febrúar 2000

Sigurður Skúlason, skógarvörður